

## Skáldalíf: Ofvitinn úr Suðursveit og Skáldið á Skriðuklaustri (2006)

**Bókarhöfundur:** Halldór Guðmundsson

**Bókarheiti:** Skáldalíf – Ofvitinn úr Suðursveit og Skáldið á Skriðuklaustri

**Gagnrýnandi:** Guðmundur Ólafsson

**Útgáfa:** JVP útgáfa, Reykjavík 2006, 396 bls.

### PEIM SEM ELSKA MIKIÐ

Fyrir margt löngu las ég Mag. Art. ritgerð Halldórs Guðmundssonar um skáldverk Halldórs Laxness. Mér fannst sú ritgerð bæði stagsöm og leiðinleg en sjálfsgagt fróðleg og fræðileg eins og vera ber um Mag. Art. ritgerðir. Nú sendir Halldór frá sér bók um þá skáldbræður, Þórberg Þórðarson og Gunnar Gunnarsson sem er unaðslega skemmtileg. Þórbergur leit á það sem skilyrði fyrir góðri bók að hún væri fræðandi, göfgandi og örvandi. Þessi bók uppfyllir þau skilyrði. Hún er einnig skrifuð í anda Plútarkosar um samhliða ævisögur, þar sem lífshlaup tveggja manna eru borin saman.

Að vísu má segja að Halldór sleppi þeim hluta í ævisagnahefð Plútarkosar að hann greinir ekki hvernig eigindir í sálarlífi Gunnars og Þórbergs hafa áhrif á lífshlaup þeirra. Eigi að síður kemst Halldór að þeirri niðurstöðu að dramað í lífi Gunnars búi í því umhverfi sem hann flækist um en dramað í lífi Þórbergs býr í huga hans.

En hvað er það þá sem gerir þessa bók svona ilmandi mannlega? Það er umfjöllun um ástir þessara tveggja manna. Halldór safnar miklu efni um þetta atriði, gerir ítarlega grein fyrir ástarlífi þeirra tveggja og segir frá börnunum sem þeir áttu með ástkonum sínum. Þetta efni færir þá nær okkur, gerir þá mannlegri og skiljanlegri en ella.

Atvikin haga því svo að ég las Bréf til Láru og Svartfugl á sama tíma, þegar ég lá í flensu þrettán ára gamall. Svartfugl las ég sem venjulegan glæparóman, mér til ánægju. Því næst las ég Bréf til Láru og var það mér ógleymanleg upplifun sem leiddi til þess að Þórbergur Þórðarson hefur aldrei yfirgefið huga minn. Upp frá því las ég flest sem Þórbergur hafði skrifað. Þetta verður ekki sagt um verk Gunnars Gunnarssonar. Ég bögglaðist við að lesa Fjallkirkjuna en lauk henni aldrei og allt sem ég reyndi að lesa eftir hann varð ég að láta frá mér sakir leiðinda.

Þetta segir að sjálfsgöðu ekkert um bækur Gunnars, það lýsir frekar sjálfum mér. Það gildir þrátt fyrir að ég hafi átt löng samtöl við Svein Skorra Höskuldsson um áhrif Dostojevskys á Gunnar og síðar Matthías Viðar Sæmundsson um það sama. Matthías setti mér reyndar fyrir að lesa Vikivaka og Aðventu, sem hann sagði að myndu vinna bug á andúð minni á skrifum Gunnars, en það breytti engu. Þær bækur fannst mér einnig hroðalega leiðinlegar.

Í bók Halldórs Guðmundssonar er farið yfir rithöfundarferil skáldanna beggja, ritunarsögu helstu skáldverka er lýst og hvernig uppvöxtur þeirra var. Áhersla Halldórs liggur í því að benda á sameiginlega þætti í lífshlaupi þeirra. T.d. að báðir eru Austfirðingar og báðir lifðu við kröpp kjör og mikla erfiðleika í upphafi rithöfundaferils síns. Halldór tíundar einnig það sem er ólíkt með þeim, svo sem líf Gunnars í Danmörku og örbirgðarár Þórbergs í Reykjavík, í upphafi tuttugustu aldar.

Auðvitað er forvitnilegast að lesa um það hvernig þessir miklu menn verða fórnarlömb falsguða. Hvernig Gunnar, vegna útgáfuhagsmuna og hégómagirni, fellur gagnrýnislítið fyrir áróðursmönnum Þriðja ríkisins og hvernig Þórbergur blindast af sósíalískri trú á sovétíð og glæpaverk Stalíns, þrátt fyrir viðvaranir góðra vina og nægar upplýsingar. Ég get svo sem trútt um talað því sjálfur var ég jafnblindaður og Þórbergur og þeirri blindu létti ekki fyrr en eftir að ég hafði verið við nám í Leníngrad. Rauða hættan og Gerska ævintýrið áttu að vísu nokkurn þátt í minni blindu en auðvitað var mín blinda sömu ættar og Þórbergs, ég vildi trúá.

En hverju breytir þá bók Halldórs? Hún auðveldar mér að fyrirgefa Þórbergi og sjálfum mér. Hún færir mér einnig heim sanninn um það að mat mitt á Gunnari hefur verið kolrangt og mun ég nú hella mér í lestur bóka hans enn á ný. Bækur þessara meistara mun ég lesa í fallelgra og hlýlegra ljósi en áður. Skáldalíf Halldórs Guðmundssonar færir manni heim sanninn um það að þeim sem elskar mikið fyrirgefst mikið. Það á við um Þórberg, Gunnar og trúlega Halldór sjálfan.